



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra**  
**Haraldur Birgir Haraldsson**  
**Suðurlandsvegi 1**  
**850 Hella**

Selfossi, 23. nóvember 2020  
*1905100HS RS*

### **Efni: Klettamörk - Umsögn um deiliskipulagstillögu**

Þann 10. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Klettamörk í landi Helluvaðs í Rangárþingi ytra. Tillagan hafði áður borist 16. maí 2019 og svarað 31. maí 2019. Aftur barst tillagan 10. september 2019 og var svarað 31. október 2019.

Jafnframt er aðalskipulagsbreyting á svæðinu í vinnslu sem miðar að því að breyta notkun úr landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustustusvæði.

Um er að ræða stofnun nýrrar lóðar sem fær nafnið Klettamörk landr. 225619 . Lóðin er 12,0 ha að stærð, aðkoma af Rangárvallavegi og um Gilsbakkaveg. Áform eru um að reisa 8 gistiskála um 25-30 m<sup>2</sup> að stærð auk íbúðarhúss til heilsársbúsetu. Áform eru og um einkaveitu fyrir neysluvatn.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna sem slíka.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Ragnhildur Sævarsdóttir*

Ragnhildur Sævarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi